

Enginn sem eignast hefur slíka íbúð, má selja hana nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar. Þó má söluverðið hækka sem svarar til þeirrar hækkunar sem orðið hefur á vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma, sem íbúðin var tekin í notkun til sölu-dags, að frádregnum þeim hluta láns úr Byggingarsjóði ríkisins, sem eftir stendur þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, enda greiði hann upp helming eftirstöðva lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, mun hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

17. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seld á nauðungaruppboði, semkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafist þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða á söluverði, samkvæmt 15. gr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá úr veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast samkvæmt þessari grein, er heimilt að endurselja að fullnægðum skilyrðum þessarar reglugerðar.

Kvöðum um verð og ráðstöfunarrétt íbúða, sem byggðar verða samkvæmt reglugerð þessari, má ekki létta af íbúðunum, nema fylgt sé ákvæðum 16. gr.

18. gr.

Reglugerð þessi gildir um þær leiguíbúðir, sem bygging hefur þegar verið hafin á samkvæmt reglugerð 45/1974, eftir því sem við getur átt.

Um þær leiguíbúðir, sem þegar hefur verið gerður samningur um og heimilað verður að selja, skulu gilda ákvæði 10.—13. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins sbr. lög nr. 59 30. apríl 1973 og lög nr. 38 24. maí 1976, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1976.

Gunnar Thoroddsen.

Hallgrímur Dalberg.

12. október 1976.

Nr. 404.

S A M Þ Y K K T

um breytingar á samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi nr. 92/1975.

1. gr.

2. gr. 1. mgr. hljóðar svo:

Þæjarstjórn er þó heimilt að veita undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

2. gr. a) hljóði svo:

Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta og þar fái eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1976.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umfeðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á húsagötu Holtavegar frá Kleppsvegi til vesturs.
2. Suðrhólar og Vesturhólar verða aðalbrautir.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. desember 1976.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. nóvember 1976.

Sigurjón Sigurðsson.